# Samþykkt
# um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ.

## I. KAFLI
## Hundahald

**1. gr.**
**Leyfi til hundahalds**

Samþykkt þessi tildir um hundahald í Snæfellsbæ.

Hundahald í þéttbýli á Hellissandi, Rifi, Ólafsvík og Arnarstapa í Snæfellsbæ, sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, 18 ára eða eldri, sem búa í sveitarfélaginu, leyfi til hundahalds að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í samþykkt þessari.

**2. gr.**
**Skilyrði fyrir leyfi**

Leyfi til hundahalds má veita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Umsækjandi skal vera lögráða. Leyfi er persónubundið, óframseljanlegt og bundið við heimili umsækjanda, enda er það ófrávíkjanlegt skilyrði að hundur sé skráður þar og haldinn.

Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega gerst brotlegur við samþykkt þessa eða fyrri samþykktir sama efnis eða lög um dýravernd, er heimilt að hafna umsókn hans.

Samþykki sameigenda fjöleignarhúss þarf að liggja fyrir þar sem við á, sbr. 5. gr.

Hvert dýr sem veitt er leyfi fyrir skal ábyrgðartryggt. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum og munum.

Hundurinn skal vera örmerktur, sbr. 11. gr.

Einungis er leyfilegt að halda tvo hunda, eldri en 4 mánaða, á hverju heimili.

**3. gr.**
**Bannaðar hundategundir**

Óheimilt er að halda hunda af eftirtöldum tegundum:

a) Pit Bull Terrier
b) Fila Brasileiro
c) Toso Inu
d) Dogo Argentino
e) Blendinga af tegundum tilgreindum í liðum a-d
f) Blendinga af úlfum og hundum
g) Aðrar tegundir sem hættulegar eða óæskilegar eru að fenginni reynslu eða mati sérfróðra aðila, s.s. dýralæknis eða hundaþjálfara, sem viðurkenndur er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

**4. gr.**
**Hundar á lögbýlum**

Hunda á lögbýlum skal skrá en þeir eru undanþegnir árlegu eftirlitsgjaldi og leyfisgjaldi. Þó skulu eigendur hunda greiða þann kostnað sem af lögbundnum ormahreinsunum hlýst. Sömuleiðis ber eiganda að greiða þann kostnað sem af hlýst ef hundurinn er tekinn í vörslu eða hann aflífaður, sbr. 17. gr. samþykktarinnar. Skylt er að ábyrgðartryggja hunda á lögbýlum og ber eigendum þeirra að framvísa tryggingarvottorði sé farið fram á það. Hundar á lögbýlum mega eingöngu vera lausir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði samþykktarinnar eftir því sem við á.

**5. gr.**
**Hundar í fjöleignarhúsum o.fl.**

Um hundhald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi skal skriflegt samþykki 2/3 íbúðareigenda með sameiginlegan inngang eða stigagang fylgja umsókn, sbr. 33. gr. a. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

**6. gr.**
**Hundaræktun**

Hundaræktun í Snæfellsbæ er heimil að uppfylltum skilyrðum tilgreindum í lögum nr. 15/1994 um dýravernd og reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

Dýraeftirlitsmanni Snæfellsbæjar er heimilt að telja fjölda hunda á hundarækt til að sannreyna fjölda undaneldishunda og hunda sem ræktaðir eru til sölu.

**7. gr.**
**Utanbæjarhundar, skammtímaheimsóknir**

Hundar, sem ekki eru skráðir í Snæfellsbæ, mega ekki dveljast þar lengur en einn mánuð nema með leyfi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar og að fengnu samþykki skv. 2. gr.

Um skammtímaheimsóknir hunda í hús gildir ákvörðun eigenda húsa hverju sinni og/eða reglur viðkomandi húsfélags auk laga um fjöleignarhús ef við á.

**8. gr.**
**Umsóknir, skráning og frestir**

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda bæjarstjórn Snæfellsbæjar innan mánaðar frá því að hundur er tekinn inn á heimilið.

Umsókn skal fylgja staðfesting á örmerkingu. Hundum eldri en 4 mánaða skal fylgja vottorð dýralæknis um ormahreinsun.

Heimilt er að halda hvolpa sem vistaðir eru á skráningarstað móður, án skráningar þar til þeir verða 4 mánaða.

**9. gr.**
**Hundaskrá, tilkynningarskylda eiganda**

Upplýsingar um hundinn skal skrá á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar. Skrá yfir veitt leyfi er birt á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is.

Skrá skal heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt, númer örmerkis og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Þegar leyfi er veitt, fær leyfishafi afhenta merkta plötu, sbr. 11. gr. og eintak af samþykkt Snæfellsbæjar um hunda- og kattahald.

Hundaeiganda ber að tilkynna bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar um aðsetursskipti. Einnig skal hann tilkynna á sama stað ef hundurinn deyr eða er fluttur úr bæjarfélaginu og hvert hann flytur. Eigendaskipti skal tilkynna með sama hætti. Tilkynningar skulu berast eins fljótt og kostur er og eigi síðar en mánuði frá breytingum.

**10. gr.**
**Ábyrgðartrygging**

Leyfishafa er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna hundsins og gerir Snæfellsbær heildarsamning við tryggingarfélag um slíka tryggingu. Iðgjald skal innifalið í árlegu eftirlitsgjaldi, sbr. 29. gr.

Skal ábyrgðartryggingin ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum.

**11. gr.**
**Ormahreinsun, örmerking, merkiplata**

Skylt er að ormahreinsa hunda á hverju ári skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Skylt er að ormahreinsa alla hunda fjögurra mánaða og eldri.

Snæfellsbær fær dýralækni árlega til að ormahreinsa hunda og fer sú þjónusta fram í Áhaldahúsi Snæfellsbæjar í Ólafsvík. Ef þessi þjónusta er ekki notuð skal leyfishafi skila vottorði dýralækna um ormahreinsun til dýraeftirlitsmanns eða á bæjarskrifstofur Snæfellsbæjar áður en árleg ormahreinsun fer fram.

Hundur sem sótt er um leyfi fyrir skal örmerktur af dýralækni samkvæmt stöðlum Alþjóðastaðlaskrárráðsins (ISO 11784 eða 11785).

Einnig skal hundurinn ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hundsins og símanúmer eiganda hans.

**12. gr.**
**Helstu varúðar-, aðgæslu- og umgengniskyldur hundeigenda**

Leyfishafi skal gæta þess vel, að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna.

Hundaeigendum er ávallt skylt að fjarlægja skít eftir hundinn.

Óheimilt er að láta hunda vera lausa innan marka þéttbýlis, nema nytjahunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns.

Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss, sbr. þó 15. gr., og í umsjá manns, sem hefur fullt vald yfir þeim. Heimilt er þó að hafa hunda lausa undir eftirliti ábyrgs aðila innan hundheldrar girðingar.

Óheimilt er að tjóðra hund án eftirlits ábyrgs aðila. Þegar hundur er tjóðraður á lóð, skal taumurinn ekki vera lengri en svo að að komast megi óhindrað að aðaldyrum húss.

Bannað er að árásarþjálfa hunda nema í löggæsluskyni.

**13. gr.**
**Taumskylda og sérstakar takmarkanir**

Taumskylda er innan alls þéttbýlislands Snæfellsbæjar nema annað sé tekið fram og skal umráðaaðili hunds virða hana.

Heimilt er að vera með hunda í taumi á göngustígum bæjarfélagsins og ávallt í fylgd ábyrgs aðila.

Óheimilt er fyrir börn yngri en 12 ára að vera með hunda innan þéttbýlismarka.

Óheimilt er að fara með hunda á almennar samkomur.

**14. gr.**
**Staðir þar sem hundar mega vera lausir**

Heimilt er að sleppa hundum lausum á eftirtöldum stöðum og svæðum, þó alltaf undir umsjá ábyrgs aðila:

a) Á Breiðinni, sunnan þjóðvegar.
b) Vestan pípuhliðs á Hellissandi
c) Inni í Bug
d) Innan hundaheldra girðinga, hundaæfingasvæða og annarra svæða, sem samþykkt hafa verið af umhverfis- og skipulagsnefnd að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Vesturlands.
e) Á auðum svæðum fjarri íbúðabyggð og utan þéttbýlismarka.

**15. gr.**
**Óheimilir staðir skv. ýmsum reglugerðum**

Óheimilt er að hleypa hundum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, s.s. skóla, á leikvelli eða á íþróttavelli. Einnig er óheimilt að hleypa hundum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.

Framangreindir staðir eru m.a. eftirfarandi:

a) Vatnsveitur, brunnsvæði vatnsverndar, brunnar og sjóveitur.
b) Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir þ. á m. lækna- og tannlæknastofur, heilsugæsla og sjúkraþjálfun.
c) Matvælafyrirtæki hvers konar þ. á m. veitingastaðir og matvöruverslanir.
d) Gististaðir.
e) Skólar og gæsluvellir.
f) Snyrtistofur hvers konar.
g) Íþróttahús og heilsuræktarstöðvar.
h) Samkomuhús hvers konar og staðir þar sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu og þjónustu.

Óheimilt er að fara með hunda þar sem eru mannamót hvort sem er utan dyra eða innan.

Heimilt er þó fötluðu fólki að hafa með sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, í skóla, á snyrtistofur og hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótta- og baðstaði, fangelsi, samkomuhús og á almennar útisamkomur enda sé hinum fatlaða ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur og hinn fatlaði skal hafa leyfi fyrir honum. Heimilt er, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og samkvæmt beiðni hlutaðeigandi stofnunar að veita undanþágu til að halda hunda á heilbrigðis- og meðferðarstofnunum.

Heilbrigðisnefnd getur heimilað að farið sé með hunda inn í íþróttamannvirki vegna sýninga eða keppni. Heimilt er þó að fara með hunda inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur þar sem starfsemin er sérstaklega ætluð dýrum.

**16. gr.**
**Frávik og undanþágur**

Víkja má frá fyrirmælum samþykktar þessarar sem banna eða takmarka umferð og dvöl hunda um tiltekna staði þegar um er að ræða hunda, sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa eða sem sérþjálfaðir leiðsögu- og hjálparhundar.

Bæjarstjórn getur einnig veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum í sérstökum tilvikum, þó ekki frá ákvæðum sem er að finna í reglugerðum og lögum.

**17. gr.**
**Lausir hundar, handsömun, geymsla, aflífun, kostnaður**

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðamanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hann. Hunda í lausagöngu skal færa í sérstaka hundageymslu og tilkynna eiganda, sé hundur merktur, um handsömunina svo fljótt sem auðið er. Eigandi hunds skal greiða allan kostnað við handsömun og geymslu hans, áður en hann er afhentur á ný. Ef hunds er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun, er heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hann aflífaður.

Hafi hundur verið handsamaður, er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu leyfisgjalds og áfallins kostnaðar. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflífun hunds skal að fullu greiddur af eiganda.

**18. gr.**
**Grimmir, varasamir og hættulegir hundar. Aflífun**

Hafi eigandi hunds eða dýraeftirlitsmaður ástæðu til að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur, skal eigandi sjá til þess að hundurinn sé ávallt mýldur utan heimilis síns.

Ef hundur telst hættulegur, getur dýraeftirlitsmaður, tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður og er þá skylt að verða við þeirri kröfu, enda hafi verið leitað álits sérfróðra aðila, s.s. dýralækna eða hundaþjálfara, sem viðurkenndir eru af Heilbrigðisnefnd Vesturlands, áður en ákvörðun um aflífun er tekin. Allur kostnaður vegna skapgerðarmats og vistunar hunds skal greiddur af hundeiganda.

Hafi hundur bitið tvisvar eða oftar og/eða valdið skaða, má aflífa hann.

**19. gr.**
**Svipting leyfis vegna brota**

Ef hundaeigandi brýtur gegn lögum um dýravernd, dýrahald, samþykkt þessari eða öðrum reglum sem um dýrahald gilda, getur bæjarstjórn Snæfellsbæjar afturkallað leyfi til hans og/eða bannað honum að vera með hund í lögsagnarumdæmi bæjarfélagsins.

**20. gr.**
**Áður veittar undanþágur**

Þær undanþágur frá banni við hundahaldi, sem veittar hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar um áður veittar undanþágur.

# II. KAFLI
# Kattahald

**21. gr.**
**Leyfi til kattahalds**

Kattahald í þéttbýli í Snæfellsbæ sætir þeim takmörkunum sem settar eru í samþykkt þessari. Þéttbýlisstaðirnir sem hér um ræðir eru Hellissandur, Rif, Ólafsvík og Arnarstapi.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sme búa í sveitarfélaginu leyfi til kattahalds að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í samþykkt þessari.

Gelda skal alla fressketti þegar þeir hafa náð 6 mánaða aldri.

**22. gr.**
**Skilyrði fyrir leyfi**

Sækja skal um leyfi til kattahalds á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Samþykki sameigenda fjöleignahúsa þarf að liggja fyrir þar sem við á, sbr. 23. gr

Við leyfisveitingu fær eigandi afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins.

Við skráningu skal eigandi/umráðamaður framvísa vottorði frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni**.** Einnig skal fylgja með mynd af kettinum.

Árlega skal kattareigandi framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Þá skal, ef óskað er, framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af öðrum sníkjudýrum.

**23. gr.**
**Kattahald í fjöleignarhúsum**

Skilyrði fyrir kattahaldi í fjöleignarhúsum er að hlutaðeigandi íbúðareigendur veiti samþykki í samræmi við ákvæði laga nr. 26/1994 og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu kattarins.

**24. gr.**
**Ónæði og óþrif af völdum katta**

Eigendum og/eða forráðamönnum ber að gæta þess að kötturinn valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs, t.d. með því að hengja bjöllu á þá og eftir atvikum að takmarka útiveru þeirra.

**25. gr.**
**Fjöldi katta á heimili.**

Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir köttinn.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimili. Hægt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum.

**26. gr.**
**Kattahald í opinberum stofnunum, matvælafyrirtækjum, matvöruverslunum o.fl.**

Óheimilt er að hafa ketti í opinberum stofnunum, skólahúsum, matvöruverslunum eða öðrum þeim stöðum sem tilgreindir eru í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002, matvælafyrirtækjum Einnig er óheimilt að hleypa hundum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, eða vatnsveitum, vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra, brunnum og sjóveitum.

**27. gr.**
**Handsömun katta**

Bæjarstjórn er heimilt að láta fanga ómerkta ketti. Meiriháttar föngun villikatta í þéttbýlisstöðunum skal auglýst með a.m.k. viku fyrirvara. Kettir sem fangaðir eru skulu færðir í kattageymslu sveitarfélagsins. Ef eigandi vitjar ekki kattarins innan 7 sólarhringa er heimilt að aflífa köttinn án frekari fyrirvara, sbr. þó ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Sé kvartað undan ágangi katta í sveitarfélaginu er dýraeftirlitsmanni heimilt að veiða í búr og aflífa ómerkta ketti, sbr. þó ákvæði 8. gr. reglugerðar nr.1077/2004, án þess að það sé auglýst sérstaklega.

Ef merktir kettir sem lenda á flækingi eru handsamaðir af dýraeftirlitsmanni skal hann strax hafa samband við skráðan eiganda sem fær köttinn afhentan gegn greiðslu áfallins kostnaðar. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan 7 sólarhringa af réttum eiganda og hann greitt áfallinn kostnað vegna handsömunar og vörslu dýrsins er heimilt að aflífa dýrið. Við endurtekna handsömun sama kattar skal að auki greiða sekt samkvæmt gjaldskrá.

# III. KAFLI
## Almenn ákvæði

**28. gr.**
**Eftirlit**

Heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur eftirlit með samþykkt þessari. Dýraeftirlitsmaður fer með málefni katta- og hundahalds í lögsagnarumdæmi Snæfellsbæjar í umboði bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Undir eftirliti og á ábyrgð bæjarstjórnar annast dýraeftirlitsmaður framkvæmd og eftirlit með hunda- og kattahaldi í Snæfellsbæ í umboði heilbrigðisnefndar og getur leitað aðstoðar lögregluyfirvalda þegar þess er þörf.

**29. gr.**
**Gjaldtaka**

Fyrir leyfi til að halda hund eða kött skal leyfishafi greiða gjald sem rennur í bæjarsjóð. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði bæjarfélagsins af hunda-/kattahaldinu og framkvæmd samþykktar þessarar. Bæjarstjórn setur, að umsögn Heilbrigðisnefndar Vesturlands, gjaldskrá samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Bæjarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

Gjaldið skal greiða í fyrsta sinn við leyfisveitingu, en annars árlega, 1. mars með eindaga 1. apríl ár hvert. Dragist greiðsla lengur en þrjá mánuði fram yfir eindaga fellur leyfið niður.

Af undaneldishundum skal ekki greiða árlegt eftirlitsgjald.

Í gjaldi fyrir leyfi til kattahalds skal m.a. innifalinn kostnaður vegna ábyrgðartryggingar sem Snæfellsbær kaupir vegna katta. Tryggingin skal ná til alls tjóns sem kettir kunna að valda mönnum, dýrum og munum.

**30. gr.**
**Viðurlög**

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um að ræða stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skulu sæta málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

**31. gr.**
**Lagagrundvöllur.**

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 757/2007 um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ.

**Umhverfis- og auðlindarráðuneytinu, xx.xx. 2013**